

10. júní 2016

## Kaupverð ríkistryggðra verðbréfa samfara gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands hinn 16. júní 2016

Í frétt Seðlabanka Íslands frá 25. maí s.l. var tilkynnt að kaupendur erlends gjaldeyris í útboði Seðlabanka Íslands geti selt bankanum ríkisvígla, ríkisbréf og útgáfur með ábyrgð ríkissjóðs til fjármögnunar á gjaldeyriskaupum. Einnig var tilkynnt á sama tíma að kaupverð fyrrgreindra verðbréfa fyrir evrur í útboðinu yrði birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands í dag. Í eftirfarandi töflu má sjá kaupverðið þar sem uppgjör miðast við 29. júní 2016.

Flokkur	Verð án áfallinna vaxta („clean“ verð)	Verð með áföllnum vöxtum („dirty“ verð)	Áv.krafa/ Flatir vx.
RIKV 16 0715	99,920	99,9200	1,80
RIKV 16 0815	99,764	99,7640	1,81
RIKV 16 0915	99,609	99,6090	1,81
RIKV 16 1017	99,450	99,4500	1,81
RIKV 16 1115	99,306	99,3060	1,81
RIKB 16 1013	99,895	104,1573	6,24
RIKB 17 0206	99,240	101,2072	6,25
RIKB 19 0226	105,800	108,7645	6,29
RIKB 20 0205	99,573	102,0491	6,37
RIKB 22 1026	104,620	109,5128	6,33
RIKB 25 0612	111,130	111,5026	6,33
RIKB 31 0124	101,553	104,3413	6,33
RIKS 21 0414	104,160	126,3067	2,86
RIKH 18 1009	100,000	100,3056	
HFF150224	103,157	94,7040	2,93
HFF150434	107,030	144,5123	2,93
HFF150644	110,855	171,3563	2,91
CBI2016	100,000	100,036986	

Aðilar sem samið hafa við Seðlabankann um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skulu við framlagningu tilboða f.h. viðskiptavina sinna geta um nafn á ríkisvígli eða skuldabréfaflokki eins og þau eru skráð í kauphöll Nasdaq Iceland hf. og kveðið er á um í útboðsskilmálum dags. 25 maí s.l. Í tengslum við uppgjör viðskiptanna þurfa

ríkistryggðu skuldabréfin að berast Seðlabankanum fyrir kl. 10.00 hinn 29. júní 2016. Erlendi gjaldeyririnn verður afhentur á evrureikning milligönguaðila eftir afhendingu verðbréfanna og eigi síðar en kl. 16.00 sama dag. Ef aðili á skuldabréf með ríkisábyrgð sem ekki er í ofangreindri töflu getur hann óskað eftir að milligönguaðili sem hefur samstarfssamning við Seðlabankann leiti tilboðs um kaupverð á skuldabréfinu eigi síðar en í dagslok 13. júní n.k.

Fyrirspurnir er lúta að öllu framangreindu má senda á netfangið [fxauction2016@cb.is](mailto:fxauction2016@cb.is)